Úr gildi falla auglýsingar um umferð á Ísafirði nr. 249/1989 og 341/1990, svo og allar aðrar reglur um umferð í kaupstaðnum, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar, þ.á m. ákvæði 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 474/1984 um 45 km hámarkshraða á tilteknum vegum.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 24. maí 1993.

Ólafur Helgi Kjartansson.

Nr. 190 30. apríl 1993

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsdalsár. Heimili þess og varnarþing er á Sveinsstöðum í Sveinsstaðahreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsá og Giljá og framrennsli þeirra, en jarðirnar eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir I og II, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda I og II, Hnausar I og II, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur I og II, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðanúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunda, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Kvisthagi, Hjarðartunga, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsá, Kornsá II, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður I og II, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II, Þingeyrar og Geirastaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

A: Að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja til stangveiði, eða nytja veiðina á annan hátt samkvæmt landslögum. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
B: Að byggja og halda við veiðihúsum og bæta aðbúnað veiðimanna.
C: Að gera nýja veiðistaði í ána.
D: Að gera vegi með ánni og auðvelda veiðimönnum umferð.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ásamt varamönnum. Enginn félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema hann hafi setið þrjú undanfarin ár í stjórn. Aldrei má nema einn stjórnarmaður vera búsettur í sama hreppi.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar (samanber þó 3. gr.). Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Þó má leyfið eigi vera nema til eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt leyfi verði til umræðu.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur, ásamt varamönnum til þriggja ára.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að varðveita á viðunandi hátt reikninga félagsins, samþykktir, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Aðalfundur getur ákveðið að leggja allt að 2% -tvo af hundraði- af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, er ætlaður sé til umbóta á fiskvegi, eða á annan hátt til aukningar á fiskgengd í ánni.

9. gr.

Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá félagsins á átta ára fresti.

10. gr.

Eftir því, sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari um starfsemi félagsins, fer eftir VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 3 19. janúar 1965 fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. apríl 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.